



Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur, þriðjudaginn 30. október 2018 á Kjávöllum.

12. fundur

Fundur hófst kl. 17:30

Mættir: Auður Stefánsdóttir, Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Hermann Vilmundarson og Lárus Finnbogason.

Ragna Emilsdóttir, Sverrir Einarsson og Sigurður Tyrfingsson og Magnús Benediktsson boðuðu forföll.

Á þessum 12. fundi stjórnar var eftirfarandi tekið fyrir:

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar samþykkt.
2. Farið yfir stöðu fjármála, formaður, gjaldkeri og framkvæmdastjóri hittu forsvarsmenn sveitafélaganna fyrr í vikunni. Þar var rædd staða félagsins og leiðir til úrbóta.
3. Undirbúningur vegna aðalfunds er hafinn. Dagskrá fundarins verður í samræmi við ákvæði 10. gr. laga félagsins. Skv. lögum félagsins skal fara fram kosning til stjórnar en kosið er um þrjú stjórnarsæti. Úr stjórn eru að ganga Hermann Vilmundarson, Ragna Emilsdóttir og Sigurður Tyrfingsson, en þau gefa ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Stjórnin hefur því hvatt áhugasama félagsmenn að gefa kost á sér í stjórn Sprettis eins og fram kemur á heimasíðu félagsins.
4. Námskeiðahald haustsins er hafið með námskeiðum barna, unglinga, frumtamningum og knapamerki.
5. Erindi Villkatta tekið fyrir, óskað er eftir því að setja niður aðstöðu á Kjávöllum.
6. Stjórn leggur til að hækka félagsgjöldin lítillega.
7. Til að einfalda ut anumhald á lykklum að reiðhöllinni verður sett upp breytt fyrirkomulag. Félagsmenn kaupa sér áskrift til lengri tíma og þarf að greiða alla áskrift fyrirfram. Ekki verður lengur boðið uppá mánaðaráskrift.
8. Starfsmannamál félagsins rædd og verkefni vetrarins.
9. Stjórn hestamannafélagsins Sprettis hefur boðið Ræktunarfélagi Sprettis að veita verðlaun á árs hátíð félagsins fyrir hæst dæmdu kynbótahross ársins ræktuð af félagsmanni.

10. Aðalfundur Spretts verður haldinn 15. nóvember.

Fundi slitið kl. 19:30 Fundargerð ritaði Auður Stefánsdóttir